

Ástarsaga

(Back to the 60's)

Lög: *Syrpa af lögum eftir ýmsa höfunda frá sjöunda áratug 20. aldar*
Ljóð: *Jónas Friðrik Guðnason og Höskuldur Práinsson*

Skólaskot

(*The house of the rising sun.* Lag: Alan Price)

Frá ungum svein' og yngismey
ég ykkur segja vil,
sem ástin réðist á eitt sinn.
Hún á það stundum til.

Í merkum menntaskóla
þau mættust, krúttin smá.
Og ástin sagði: „Æi, sætt.
Ég ætla þeim að ná.“

Er hjörtun hopp' og dansa
og hitnar blóðsins þrá,
má eignast ævintýri sem
við engum segjum frá.

Sumarangur

(*Sealed with a kiss.* Lag: Jason Donovan)

Þó það gleymist kemur vor eftir vetur,
víst fór svo líka hjá þeim.
Við faðmlög ofurheit og með flóði af tárur
fóru þau heim.

Sumar getur verið einsemd og angur,
en una við drauma má.
Og syngja hvort til annars um albjartar nætur,
ólgandi af þrá.

Ég sé í sólargeisla
að svífur hún, myndin þín.
Er faðminn feginn ég opna
þá ferð þú burt, ástin mín.

Ó, hve löng er sumarbið hans og hennar,
hjartað vill svarið fá.
Og líða mun heil eilífð áður en haustar
við angur, sorg og þrá.

Pögnin

(*Silence is golden*. Lag: Bob Crewe og Bob Gaudio)

Eitthvað er að, alveg sama er hvað,
sumir þegja og segja ei frá.
Framtíðin orðin sem óskrifað blað,
ekkert vitað hvað þar er að sjá.

Eitthvað er farið,
allt er kalt og þreytt.
Þögnin veit svarið,
segir ekki neitt.

Brást hún og fann einhvern annan en hann,
er það sagan sem ekki má tjá?
Vonin sem hló orðin vonin sem dó,
breytt í eitthvað sem enginn vill sjá?

Eitthvað er farið,
allt er kalt og þreytt.
Þögnin veit svarið,
segir ekki neitt.

Er það víst?

(*How do you do it?* Lag: Mitch Murray)

Var þetta einungis augnablik,
sem áttuð þá?
Er hún farin að eltast við eitthvað,
sem alls ekki má?

Finnst henni gaman að gleyma þér,
grætur ei neitt?
Bara ísköld og alveg hreint sama
þó að allt sé nú breytt?

Það fer stundum svo með unga ást,
að hún fýkur burt með blænum.
Þau hlaupa í burt og hætt' að sjást
og allt er búið þá í einum grænum.

Var þetta einungis augnablik,
er það nú víst?
Eða óþörf ástarsorg,
sem inn til þín brýst?
Hvað er satt, hvað er víst?

Endurfundur

(*Da do ron ron.* Lag: Jeff Barry, Ellie Greenwich og Phil Spector)

Hitt' 'ana í bænum og ég hrökk í kút,
da dú ron ron ron, da dú ron ron.
Faðmlög og kossar og ég fríkað' út,
da dú ron ron ron, da dú ron ron.

Já, ég hrökk í kút,
já, ég fríkað' út.
Svo fylgd' ég henni heim,
da dú ron ron ron, da dú ron ron.

Næsta dag hún bauð mér aftur inn til sín,
da dú ron ron ron, da dú ron ron.
Ég er viss um að hún verður mín,
da dú ron ron ron, da dú ron ron.

Aftur inn til sín,
ó, hún verður mín.
Ég fer með henni heim,
da dú ron ron ron, da dú ron ron.

Da dú ron ron ron, da dú ron ron ...